



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998 – MAR23110209.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Matvælaráðuneytið/skrifstofa sjávarútvegs.
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	14. nóvember 2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlutum eins og nánar er kveðið á um í lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998.

Lögin um Verðlagsstofu tóku gildi á árinu 1998 en síðan þá hefur orðið mikil breyting í rafrænni og stafrænni þróun og starfsemi fyrirtækja. Mikilvægt er að uppfæra lögin og heimildir til eftirlits í samræmi við tæknipróun og kröfur um skilvirkni.

Í nýlegum viðræðum vegna kjarasamnings milli sjómanna og útvegsmanna er gert ráð fyrir mikilvægi greiningar afurðaverðs og skilaverðs sem Skatturinn heldur utan um.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Samkvæmt 3. gr. laganna skal Verðlagsstofa afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulegum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðuð yfirlit um fiskverð miðað við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka. Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best. Þá skal stofan afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

Samkvæmt 5. gr. laganna getur Verðlagsstofa krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skatta- og tollfyrirvöldum. Þá segir að stofan megi nýta upplýsingarnar m.a. í almennum tilgangi sbr. fyrirnefnda 3. gr. og til undirbúnings ákvarðana og úrskurða í einstökum málum.

Núverandi framkvæmd er að Verðlagsstofa eða heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna geta skotið viðmiði um fiskverð til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, ef samningar takast ekki. Úrskurðarnefndin skal þá ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar skips. Úrskurðarnefndin óskar þá eftir því að Verðlagsstofa safni upplýsingum um fiskverð, m.a. útflutningsverð. Úrskurðarnefndinni ber að komast að samkomulagi innan 7-14 daga frá því að máli er vísað til hennar sbr. 13. gr. laganna. Verðlagsstofa sendir þá erindi til Skattsins og óskar eftir upplýsingum um afurðaverð fyrir tiltekið tímabil, ákveðna útgerð eða tollanúmer. Skatturinn svarar að beiðnin sé móttækin og sendir umbeðnar upplýsingar við fyrsta tækifæri sem getur verið frá dögum og upp í vikur. Eftirlit Verðlagsstofu er því háð því að upplýsingarnar berist frá Skattinum. Í framhaldi getur Verðlagsstofa greint gögnin og það fer eftir umfangi hversu tímafrek sú greining er. Að lokinni greiningu sendir Verðlagsstofa upplýsingar til úrskurðarnefndarinnar, sem er þá í raun ljósmynd af tilteknum aðstæðum fremur en að stofnunin sé með heildarmynd af aðstæðum öllum er verðar útflutningsverð á fiski. Tíminn sem þetta ferli tekur er talið óásættanlegur í ljósi þess að bæði Verðlagsstofa og Skatturinn vinna bæði með stafræn gagnasöfn sem gætu tengst og það er hagur allra málsaðila að málsmeðferð taki sem minnstan tíma.

Til að Verðlagsstofa geti rækt hlutverk sitt með markvissari hætti, m.a. með tilliti til nýrra kjarasamninga, er nauðsynlegt að skýra betur heimildir stofunnar til aðgangs að upplýsingum frá öðrum stjórnvöldum til að sinna eftirliti sínu, og geti útfært áhættumiðað samtímaeftirlit með fiskverði og ráðstöfun afla. Gerð er tillaga að því að Verðlagsstofa hafi heimildir til rafræns og stafræns aðgangs að gagnasöfnum Skattsins er varðar þessi atriði, þ.e. um fiskverð/afurðaverð og ráðstöfun afla, og heimildir til greiningar á þeim upplýsingum, sem er einmitt í samræmi við markmið eftirlitsins. 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til? Þrátt fyrir orðalag um nýtingu upplýsinga í almennum tilgangi hefur Skatturinn talið að Verðlagsstofa hafi ekki heimildir til upplýsinga frá Skattinum, nema hvað varðar athugun einstakra mála, og hefur því synjað Verðlagsstofu um aðgang að gagnasöfnum sínum. Því er nauðsynlegt að skýra eftirlitsheimildir Verðlagsstofu svo þær geti náð markmiðum laganna með skilvirkum hætti. Þá er nauðsynlegt að stytta málsmeðferð í einstökum málum.
B. Markmið 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki Meginmarkmið málefnasviðsins eru að styrkja sjálfbærni auðlindanýtingar, efla vernd og viðgang viðkvæmra vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu og auðlindanýtingar, efla hugmyndafræði hringrásar við veiðar og framleiðslu og hámarksnýtingu afurða, tryggja matvælaöryggi í þágu heilsu og hámarka velferð dýra í allri framleiðslu. Í fjármálaáætlun 2024-2028 kemur m.a. fram að til að bregðast við áskorunum í sjávarútvegi sé gert ráð fyrir auknum framlögum til hafrannsóknar og fiskveiðieftirlits sem er forsenda samkeppnishæfni á alþjóðamörkuðum. Þá kemur fram í tillögum „Auðlindarinnar okkar“ það markmið um rafræna skráningu rekjanleika afla í allri virðiskeðju sjávarútvegs og byggja upp miðlægt gagnasafn til að halda utan um öll gögn sem verða til í sjávarútvegi. 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda Að veita Verðlagsstofu skýrari heimildir til rafræns og stafræns aðgangs að gagnasöfnum Skattsins er varðar fiskverð/afurðaverð og ráðstöfun afla, og heimildir til greiningar á þeim upplýsingum, sem er einmitt í samræmi við markmið eftirlitsins. Að Verðlagsstofa geti betur stuðlað að markmiðum eftirlits sem stofunni er fengið, innleitt áhættumiðað samtímaeftirlit og gagnsæi afurðaverðs og styttri málsmeðferðartíma.
C. Leiðir 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það? Þá geta eftirlit og úrræði Verðlagsstofu verið talin ekki nægilega markmiss m.t.t. aukinna krafna málshraða og um skilvirkni eftirlits til að fylgjast með raunverði afurða, heldur verður unnið áfram með eftir á upplýsingar í einstökum málum sem gerir stofunni ekki kleift að viðhafa áhættumiðað samtímaeftirlit. 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið Stjórnsýslufyrirmæli ekki talin nægileg. 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu Rétt að gera breytingu á lögum nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna? 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni Lögð er til breyting á 4. gr., 6. gr. og 8. gr. laga nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Lagt er til að bæta við ákvæðum um að jafnframt beri þeim stofnunum sem safna upplýsingum um útflutning sjávarafurða (Skatturinn og Hagstofa Íslands) að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að þeim upplýsingum með rafrænum eða stafrænum hætti.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna, Félag vélstjóra og málmæknimanna og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Einnig fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn. Einnig Verðlagsstofa skiptaverðs og Fiskistofa. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Frumvarpið varðar starfsemi Skattsins þannig að það kemur inn á málefni fjármála- og efnahagsráðuneytis. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram Innra samráð. 4. Fyrirhugað samráð Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna, Félag vélstjóra og málmæknimanna og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Einnig fjármála- og efnahagsráðuneytið og Skatturinn. Einnig Verðlagsstofa skiptaverðs og Fiskistofa. Áformin munu verða birt í samráðsgátt stjórnvalda.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Áhrif óveruleg sbr. niðurstöðu frummats.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina? Já. 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Mun taka gildi skv. almennum reglum. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Skýr heimild í lögum. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu Áhættumiðað samtímaeftirlit og hraðari afgreiðsla mála hjá Verðlagsstofu. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Ekki sérstaklega.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum